

# Fornleifakönnun í landi Austureyjar í Laugardalshreppi, Árnessýslu



*Orri Vésteinsson og Guðmunda Björnsdóttir*



*Reykjavík 2001  
Fornleifastofnun Íslands  
FS160-01121*

## **1. kafli. Inngangur**

Fyrir dyrum stendur að skipuleggja sumarhúsabyggð í landi Austureyjar í Laugardalshreppi í Árnessýslu. Sumarhúsabyggðin er í landi Austureyjar I og III á suðausturhluta jarðarinnar, þeim hluta er liggur að Apavatni, norður og norðaustur af Austureyjarnesi. Fyrir hönd landeigenda hafði Laugardalshreppur samband við Fornleifastofnun Íslands snemma sumars 2001 og fór þess á leit að gerð yrði fornleifaskráning á jörðinni. Skráningin fór fram dagana 3. – 4. júlí 2001 og var gerð af Guðmundu Björnsdóttur undir stjórn Orra Vésteinssonar fornleifafræðings.

Helsti heimildarmaður var Jón Snæbjörnsson, auk Snæbjörns Smára Þorkelssonar, Þorkels Kjartanssonar og Kjartas Lárussonar, sem allir eru frá Austurey. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina.

## **2. kafli. Löggjöf um minjavernd**

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 11. grein þjóðminjalaga (nr. 107 2001), er skylt að "fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna."

Samkvæmt 10. grein laganna eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ..." Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir grefrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 14. gr. þjóðminjalaga segir m.a. : "Nú telur ... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir ... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum."

### **3. Kafli. Fyrri athuganir og staðhættir.**

Fornleifakönnun var gerð í landi Austureyjar árið 2000 þar sem Austureyjarnes, þ.e. land Rafiðnaðarsambandsins, var kannað á vettvangi auk þess sem könnun var gerð á fyrirbyggjandi heimildum um fornleifar í landi jarðarinnar allrar.<sup>1</sup> Engar fornleifar fundust í Austureyjarnesi við þessa könnun. Fyrir utan þessa könnun árið 2000 hafa engar fornleifathuganir farið fram í landi Austureyjar fyrr en nú.


Land Austureyjar skiptist í þrjú býli, Austurey I, Austurey II, sem er nýbýli byggt 1951 og Austurey III 1986. Austurey er votlend mýrarjörð, sem afmarkast að mestu að Hólaá og Apavatni, en að vestan liggur jörðin að landi Úteyjar.

Bæjarstæðið er suðaustarlega í landareigninni, syðst á Heimaholti þar, sem landi hallar

---

<sup>1</sup> Adolf Friðriksson & Anna Hallgrímsdóttir: *Fornleifakönnun í landi Austureyjar í Laugardalshreppi, Árnassýslu, Reykjavík 2000.*

til suðurs að Apavatni. Holtið sem bærinn stendur á er þurrleint en umhverfis eru mýrar sem að mestu hafa verið ræstar fram. Þær fornleifar sem enn eru óraskaðar standa einnig á holtum, annars vegar Langholti, norðvestast á jörðinni, og hins vegar Selholti sem er nyrst. Ræktunarskilyrði eru góð á jörðinni og sagt er að hvergi finnist steinn í landareigninni. Mótak var gott niður á vatnsbakkanum.



**Kort 1. Tillaga að deiliskipilagi auk minjastaða innan þess**

## 4. Kafli. Fornleifaskrá

### ÁR-412 Austurey

32 hdr 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Nýbýli, Austurey II, var stofnað á 1/2 Austurey 1951. Nýbýli, Austurey III, var var stofnað á 1/5 Austurey I 1986.

1920: Tún 5,0 ha. Engar upplýsingar um sléttun. "Engið tekur að fyrnast og falla í mosa." JÁM II, 322. "Austurey er stór, votlend mýrarjörð með miklar keldur. Hún er öll gróin og sagt er að ekki finnist steinn í landareigninni. Engjaslægjur voru lélegar. Mótak var gott niður á vatnsbakkanum." SB III, 51.

**ÁR-412:001** Austurey bæjarhóll bústaður 64°11,609N 20°38,633V


Bæjarhóllin er um 10 - 20 m norðan við íbúðarhús byggt 1968 og um 150 m sunnan við hús byggt 1956.

Á bæjarhólnum stóðu áður fjárhús og fjós sem voru rifin í nóvember 2001. Fast austan við er heimreiðin. Norðan við er flag en sunnanmegin bílastæði við íbúðarhús byggt 1969. Hóllinn er mikið raskaður vegna bygginga.

Hóllinn er um 35 x 30 m að stærð og rís um 1,5 m upp úr landslaginu í kring.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920



**Kort 2. Túnamörk 1920**

**ÁR-412:002** heimild um útihús 64°11,588N 20°38,817V

Um 160 m vestur af bæjarhól stóðu útihús samkvæmt túnakorti frá 1920.

Nú er þar sléttað tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-412:003** heimild um útihús 64°11,633N 20°38,759V

Um 120 m norðvestur af bæjarhól og um 120 m norður af útihúsum (002) stóðu útihús samkvæmt túnakorti frá 1920. Nú er þar sléttað tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-412:004** heimild um útihús 64°11,633N 20°38,759V

Um 100 m norðvestur af bæjarhól og um 150 m norður af útihúsum (002) stóðu útihús samkvæmt túnakorti frá 1920. Nú er þar sléttað tún.

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-412:005** heimild um ristu 64°11,588N 20°38,817V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að í Austurey hafi verið "Torfrista og stunga bjargleg." Að sögn Snæbjörns Smára Þorkelssonar var torf rist þar sem útihús (002) stóðu samkvæmt túnakorti. Nú er þar sléttað tún.

Kjartan Lárusson greindi frá því að torf hafi verið rist í mýrlendi, austan núverandi vegar er liggur frá bæjarhúsum að Hvammi, milli sumarbústaðalóða og núverandi bæjarstæðis.

**Heimildir:** JÁM II, 322

**ÁR-412:006** *Lendingin* heimild um lendingu 64°11,473N 20°38,516V

"Neðan við bæinn er lítið nes út í vatnið, Steinsdráttur. Sunnan við það er stærra nes, Stóranef. Þar sunnan við er vík nefnd Lendingin. Þar var bátum lent." segir í örnefnaskrá. Lendingin er um 200 m suður af íbúðarhúsi sem byggt var 1969. Beggja vegna eru nú sumarbústaðalóðir. Frá vatnsbakkanum er um 3 m malarbakki en við af honum tekur grasbakki.

Grasflötin norðan við vatnið er áberandi slétt miðað við annað landslag í kring. Aflíðandi brekka er í suður að lendingunni, grasivaxin, en þegar um 3 m eru að vatninu tekur við sandur og möl. Víkin er á milli Stóranefs og Litlanefs en þar á milli eru um 300 m. Kjartan Lárusson sagði að vegurinn lægi að Hvammi sem væri um 50 – 70 m vestan við Lendinguna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Austurey, 1

**ÁR-412:007** *Móvik* heimild um mógrafir

64°11,311N 20°38,913V

"Sunnar [en Lendingin] er enn nes, Litlanef. Síðan kemur Móvik. Milli Litlanefs og Móviks er stór steinn, Stóristeinn." segir í örnefnaskrá. Norðan við Móvik er Lendingin en sunnan við er Miðvik. Vikið er um 350 m suður af bæjarhól (001).


Ofan í vikinu, á og við bakkann, er áberandi stórþýft og stórgrýtt. Stóristeinn marar í hálfu kafi sunnarlega fyrir miðju viksins en náttúrulegur grjótarður liggur frá honum í suðaustur. Ekki sjást nein greinileg merki um mógrafir en athygli vekur að um 4 m vestur af vatnsbakka, í brekku sem liggur frá vikinu er grjót líkt því grjóti sem annars er meðfram vatninu. Grjótið er ekki mosagróið líkt og grjótið í kring. Vikið er um 80 m breitt. Snæbjörn Smári Þorkelsson, heimildamaður, sagðist vita til þess að mór hafi verið tekinn í vikinu fram á tuttugustu öld. Kjartan Lárusson sagði frá því að mór hafi verið tekinn um 100 m vestan við móvik, Þar hafi verið 3 – 4 mógrafir sem sáust greinilega fyrir um 30 árum.

**Heimildir:** Ö-Austurey, 1

**ÁR-412:008** *Langholtstóft* tóft fjárhús

64°12,510N 20°39,176V

"Norðaustan við [Hala] er mýrarsund en síðan tekur við langt holt, Langholt. Suðvestan af því er gömul tóft af sauðahúsum gömlum, Langholtstóft." segir í örnefnaskrá. Tóftin er um 600 m norðvestur af Hólshúsum (013) um 1,3 km suðvestur af Selhústóftum (003).



Tóftin er suðvestan í þýfðu holti. Hún er 14 x 10 m að stærð og snýr í austur - vestur. Austurgafliinn er opinn og þar er tóftin um 6 m að breidd. Vestast er tóftin um 10 m breið og virðist sem þar hafi verið hlaða. Veggir eru um 1 m að breidd og hleðsluhæð er mest um 1 m. Ekki sést til grjóts í hleðslum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Austurey, 1-2

**ÁR-412:009** *Selhústóft* tóft fjárhús

64°13,049N 20°37,948V

"Í krikanum, þar sem Hólá beygir til suðurs, er lítið holt, Selholt. Syðst á því er Selhústóft, þar voru fjárhús." segir í örnefnaskrá. Um 1,3 km norðaustur af Langholtstóft (008) er Selhústóft, um 400 m suður af vaði (010)



Í kringum tóftina er áberandi slétt tún, er virðist slétt frá náttúrunnar hendi, 100 - 200 m. Við túninu tekur þýfður mói.

Tóftin er um 20 x 10 m að stærð og snýr í norður – suður og breikkar í norður. Syðst austanmegin mótar fyrir litlu hólfi, 3x4 m, að stærð, sem tengist húsunum. Grjót sést í hleðslum sem eru mest um 1,5 m háar en þykkt veggja er um 1 m. Kjartan Lárusson sagði að húsin hefðu verið notuð til ársins 1937. Nyrsti hlutinn var notaður sem hlaða og framan við hana hafi verið fjárhúsin, hólfið austanmegin var hesthús.

Í tóftinni vex nú birkigróður sem hefur væntanlega sáð sér frá skóginum í fjallshlíðinni fyrir ofan.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Austurey, 2



**Kort 3. Minjastaðir í Austurey**



**ÁR-412:010** Vað heimild um vað

64°13,338N 20°37,585V

"Hóla skiptir svo löndum að norðan og austan. Rétt austan við hólma, sem er í ánni norð-austan við Selholt, er gamalt vað nefnt Vað." segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 400 m norður af Selhústöft (009). Við nyrðri bakka vaðsins er land Laugardalsóla.



Áin breiðir mikið úr sér á þessum stað og í henni er grasvaxinn hólmi. Áin rennur beggja vegna hólmans, þó meira sunnanmegin.

Austureyjarmegin er svartur sandur en Laugardalshólamegin er bakkinn grasi vaxinn og í honum merki um rof. Vaðið er um 60 m breitt.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Austurey, 2

**ÁR-412:011** Grænutóftir tóft óþekkt

64°12,100N 20°38,221V

"Austan á [Heimaholti] eru grænar tóftir allmargar, Grænutóftir." segir í örnefnaskrá. Tóftirnar eru um 150 m suðaustur af Hólshúsum (013) þar sem nú eru fjárhús.



Tóftirnar eru á trjáræktarsvæði sem nú er séreign. Svæðið í kring er þýfður og mosagróinn mói. Tóftirnar eru alls um 28 x 13

m að stærð og snúa langsum í austur - vestur. Þær standa vel, um 1,5 m yfir umhverfinu, og eru grónar. Skipting tóftarinnar í hólfi er óljós en þau virðast hafa verið þrjú, öll með op í suður. Að innan er er hleðsluhæð um 0,5 m og þykkt veggja mest um 1,5 m, þar sem þeir eru sýnilegir. Tré hafa verið gróðursett í og við tóftirnar.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Austurey, 2

**ÁR-412:012** heimild um leið

64°13,338N 20°37,585V

"Gatan til Laugardalshóla frá Austurey liggur um Heimaholt. Hún liggur rétt vestan við fjárhús, sem þar standa og nefnast Hólshús. Líklega latmæli dregið af holtinu og eigi að vera Holtshús." segir í örnefnaskrá. Gatan lá frá bæjarhól (001) um Vagnbrautshæð á Heimaholti að Vaði (010).

Um þriggja km leið er á milli bæjarhóls og vaðs og liggur núverandi vegslóði þar sem gatan var. Leiðin frá Hólshúsi að vaði var merkt með vörðum er enn sjást.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Austurey, 2

**ÁR-412:013** *Hólshús* heimild um fjárhús 64°11,609N 20°38,633V

"Gatan til Laugardalshóla frá Austurey liggur um Heimaholt. Hún liggur rétt vestan við fjárhús, sem þar standa og nefnast Hólshús eða. Líklega latmæli dregið af holtinu og eigi að vera Holtshús.", segir í örnefnaskrá. Fjárhús, sem einnig eru kölluð Hálshús, standa enn á holtinu og eru í eigu ábúenda á Austurey I. Húsin hafa ekki verið í eiginlegri notkun frá 1987. Húsin eru um 150 m norðvestur af Grænutóftum (011). Eldri fjárhús úr torfi og grjóti stóðu á sama stað en núverandi hús voru byggð utan um þau.. Svæðið í kring er nú sléttað en grjót sést í köntum þess að norðan og norðvestan.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Austurey, 2

**ÁR-412:014** heimild um leið 64°12,510N 20°39,176V

Frá Vaði (010) lá gata yfir Selholt og Langholt að Hala sem er á mörkum Austureyjar og Úteyjar. Gatan er merkjanleg á köflum og er þar nokkuð niðurgrafin. Sá hluti götunnar sem er innan Austureyjar er um 1,8 km langur.

**Hættumat:** engin hættu

## 5. kafli. Niðurstöður.

Alls voru skráðir 14 minjastaðir í landi Austureyjar í Laugardal. Af þeim eru fimm í hinu forna túni Austureyjar.

Merkustu fornleifar á Austurey eru bæjarhóllinn sjálfur **(001)** auk Grænutófta **(011)** norðaustarlega á Heimaholti. Bæjarhóllinn er talsvert raskaður af þeim byggingum sem á honum standa en brýnt er að komið verði í veg fyrir að hann verði fyrir frekari spjöllum. Grænutóftir er að því er virðist þrískipt tóft af óvenjulegri gerð en hlutverk hennar er ekki þekkt. Grænutóftir eru í uppnámi vegna skógræktar.

Aðrar fornleifar eru útihús sem hafa verið sléttuð undir tún eða byggingar **(002, 003, 004, 013)** en í flestum tilfellum verður að segja að líklegt sé að eitthvað sé eftir að þeim undir sverði þar sem jarðvegsþykkun er nokkur á þessu svæði og djúpt niður á fast. Þær fornleifar sem enn eru óskemmdar eru Langholtstóft **(008)**, Selhústóft **(009)**, auk Grænutófta **(011)** sjálfra.

Innan skipulagsreits eru þrjár skráðar fornleifar, Lendingin **(006)**, Móník **(007)** og Grænutóftir **(011)**. Lendingin er neðan lóðar númer 3, um 50 – 70 m vestan við Hvamminn þar sem nú hefur verið skipulögð aðkoma slökkvibíls. Móník er á milli lóðar númer níu og ellefu. Grænutóftir eru í suðausturhluta lóðar númer sex. Nauðsynlegt er að þess verði gætt þegar byggt er á lóðinni að hús eða lagnir skemmi ekki tóftina og ber að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um þær framkvæmdir.

## **6. kafli. Heimildir**

Adolf Friðriksson & Anna Hallgrímsdóttir: *Fornleifakönnun í landi Austureyjar í Laugardalshreppi, Árnessýslu*, Reykjavík 2000.

**JÁM II:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Árnessýsla. II bindi.* Kaupmannahöfn, 1918-21.

**JJ:** Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn, 1847.

**SB III:** *Sunnlenskar byggðir. Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur. III bindi.* [útgáfustað vantar], 1983.

**Ö-Austurey:** Örnefni í Austurey. Haraldur Finnson skráði 1974. Örnefnastofnun Íslands.